



Fjölbrotaskóli Suðurlands

# Barnabókmenntir

ÍSLE3BB05

Kennsluáætlun vorönn 2020

## Kennarar:

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir og Laufey Danivaldsdóttir

## Áfangalýsing:

Fjallað um barna- og ungmennabókmenntir í víðum skilningi: sögur, ævintýri, ljóð, teiknimyndir og myndabækur auk efnis fyrir sjónvarp og leikhús. Nemendur kynnst einkennum, formi, útbreiðslu, vinsældum og kröfum sem gerðar eru til barnabókmennta. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi allnokkra mismunandi bókmenntatexta, auk fræðilegrar umfjöllunar um barnabókmenntir. Fyrir liggur fjölbreytt verkefnavinna, verkleg, munnleg og skrifleg. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð.

## Markmið áfangans:

**Þekkingarmarkmið** þar sem nemandi þekkir og skilur:

- mismunandi frásagnaraðferðir og framsetningu í barna- og ungmennabókmenntum.
- málfar og orðaforða barna- og ungmennabókmennta.
- innrætingu og túlkun barna- og ungmennabókmennta.
- samspil barna- og ungmennabókmennta, samfélags og menningar.
- inntak og einkenni þeirra verka sem lesin eru.
- tengsl barna- og ungmennabókmennta við siðferðisþroska.
- barnabókmenntir í sögulegu ljósi.

**Leiknimarkmið** þar sem nemandi hefur öðlast leikni í að:

- draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og tengja við eigin skoðanir.
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram.
- lesa sér til gagns bókmenntaverk ásamt fræðitextum um barna- og ungmennabókmenntir, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.
- flytja af nokkru öryggi niðurstöður sínar frammi fyrir hópi.
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða.

**Hæfnimarkmið** þar sem nemandi hagnýtir sér þekkingu sína og leikni til að:

- vinna skapandi og greinandi verkefni í tengslum við barna- og ungmennabókmenntir og þá fræðilegu umfjöllun sem lögð er til grundvallar í áfanganum.

- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdarfærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu.
- túlka texta barna- og ungmennabókmennta og greina merkingu undir yfirborði textans (undirtexti).
- meta uppeldisgildi barna- og ungmennabókmennta út frá ýmsum sjónarmiðum og gera sér grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eu.
- ræða barna- og ungmennabókmenntir í tengslum við aðrar bókmenntagreinar.
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti.
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum.

### **Kennsluefni / Iesefni:**

- Silja Aðalsteinsdóttir. *Raddir barnabókanna* (valdar greinar).
- Einstakar greinar (úr *Börn og menning*) og annað efni frá kennara á INNU.
- Sameiginlegur lestur á barnabókum og / eða textum eftir:
  - Stefán Jónsson. Sagan hans Hjalta litla.
  - Magnea frá Kleifum. Sossa litla sólskinsbarn.
  - Þorvaldur Þorsteinsson. Skilaboðaskjóðan.
  - Andri Snær Magnason. Sagan af bláa hnettinum.
  - Astrid Lindgren. Ronja ræningjadóttir.
  - Nýleg unglingsbók, valin síðar.

### **Handbækur og vefir:**

- Silja Aðalsteinsdóttir. *Íslenskar barnabækur 1780 – 1979*. [Saga íslenskra barnabókmennta.]
- Anna María Birgisdóttir. *Sögupræðir*. [Um þúsund barnabækur kynntar.]
- *BarnUng*. Vefur um barna- og unglingsbókmenntir. [<http://mennta.hi.is/vefir/barnung/>]
- *Bókmenntavefurinn*. [<http://www.bokmenntir.is>]
- *Börn og menning*, tímarit á bókasafni FSu.

### **Námsmat :**

- 45% Skilaverkefni, umræður, flutningur, ritun, útdrættir og próf.
- 20% Próf og/eða ritun úr Röddum barnabókanna.
- 10% Tímaritgerð í annarlök úr efni áfangans.
- 10% Mæting (mínus 1% í Innu = mínus 1 í mætingaeinkunn).
- 15% Lokaverkefni, unnið og kynnt. Vönduð heimildavinna mikilvæg!

## **Verkefnaskil og annað:**

Öllum verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. MIKILVÆGT er að skila verkefnum í símatsáfanga á réttum tíma svo námið fari fram jafnt og þétt. Ekki er gert ráð fyrir því að nemandi geti skilað fjölda ólokinna verkefna í lok annar.

Nemendur sem missa af prófum eða verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara það.

Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té.

Notkun síma og sambærilegra tækja er ekki heimil í tímum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun samsvarar fjarvist.

Stefnt er að menningarferð á önninni. Við stefnum til Reykjavíkur og ætlum okkur að skoða gróskuna í barnamenningarstarfi ýmissa stofnana í borginni. Nánar um ferðina síðar!

**Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða þátttöku.**

---

Ragnildur Elísabet Sigfúsdóttir og Laufey Danivaldsdóttir

## Tímaáætlun og yfirferð efnis:

Vika	Dags.	Viðfangsefni
2	7.-10. janúar	Kynning á efni og fyrirkomulagi áfangans. <b>Eftirlætissagan</b> . Máltaka barna. Gildi barnabóka, skiptir máli að vanda til verka? Kynning á sögu barna- og unglingabókmennta á Íslandi. <b>Raddir barnabókanna 9-37.</b>
3	13.-17. janúar	Kynning á sögu barna- og unglingabókmennta á Íslandi. <b>Raddir barnabókanna 9-37. Ævintýri</b> – eru þau fyrir börn? Ævintýri, rómantík og Grimms bræður. Skilaverkefni; Safnaðu sögum.
4	20.-24. janúar	<b>Áfram ævintýri og Skilaboðaskjóðan</b> lesin. Raddir 101-136. Próf úr Röddum barnabókanna öðru sem hefur verið til umfjöllunar.
5	27.-31. janúar	<b>Sagan hans Hjalta litla</b> og <b>Sossa sólskinsbarn</b> , valdir kaflar lesnir; próf og verkefni.
6	3.-7. febrúar	Bækur fyrir ung börn. Bækur að eigin vali í verkefnavinnu. Kynning á verkefnum. (Raddir 38-78.)
7	10.-14. febrúar	<b>Sagan af bláa hnettinum</b> lesin, próf og verkefni.
8	17.-21. febrúar Kátir dagar og flóafár miðvikud.-föstud.	<b>Sagan af bláa hnettinum</b> lesin, próf og verkefni. Barna- og ungmennabókmenntir og samfélagsleg umræða.
9	24.-28. febrúar Miðannarmat	Ljóð fyrir börn - umræða, athuganir og verkefni.
10	2.-6. mars	<b>Ronja ræningjadóttir</b> , próf og verkefni. Bækur fyrir unga lesendur. Raddir 79-101.
11	9.-13. mars	Vinsælir bókaflokkar, umræður, próf og verkefni. / Raunsæi í barna- og unglingabókum. Raddir 152-177.
12	16.-20. mars	Teiknimyndir. Raddir 178-200.
13	23.-27. mars	Ungmennabækur, umræða, verkefni. Raddir 178-200.
14	30. mars-3. apríl	Afþreyingarefni fyrir börn og unglunga. Raddir 214-236. Próf úr Röddum barnabókanna.
15	6.-10. apríl	Páskafrí
16	13.-17. apríl	Páskafrí, kennsla hefst á miðvikudegi. Lokaverkefni valin og unnin.
17	20.-24. apríl Sumardagurinn fyrsti 23. apríl	Lokaverkefni unnin.
18	27. apríl – 1. maí Frí 1. maí	Fyrirlestrar nemenda (lokaverkefni) um barna- og unglungaefni.
19	4. – 8. maí	Fyrirlestrum lokið. Tímaritgerð um lesefni áfangans.